

fyrir mezzosópran, og flest þeirra reyndar skrifuð fyrir eiginkonu Rossinis, Isabelu Colbran, sem líkt Conchitu Supervia var spönsk að ætterni og hafði til að bera dökka mezzosópran rödd. Sum þessara hlutverka voru síðar umskrifuð fyrir sópran rödd, þegar sú hefð lagðist af, að mezzosópran raddir og kontraalt raddir fengjust við flúrsöng, eða þá að hætt var að flytja óperunar vegna þess að engar söngkonur voru til, sem réðu við þessi hlutverk í upphaflegri tóntegund. Conchita Supervia var hins vegar hin mikla undanteking og var í raun máttarstólpinn í endurvakningu á þessum óperum í sinni upprunalegu mynd.

Conchita Supervia var sérlega þekkt fyrir túlkun sína á hlutverki Rosinu í *Rakaranum frá Siviglia*, sem lengi vel hafði verið falið mjög háum sópranröddum, hlutverki Isabelu í *Ítalska stúlkun frá Algeirsborg*, og hlutverki Angelinu í óperunni *Öskubusku* eftir Rossini. En Conchita Supervia varð ekki langlíf. Hún lést af barnsforum í London, langt um aldur fram, en þangað hafði hún fluzt eftir að hún gekk að eiga Ben Rubinstein, velþekktan kaupskýslumann þar í borg.

Ebe Stignani (1903–1974) var á sínum tíma frægasta og vinsælasta kontraaltsöngkona á Ítalíu. Hún fæddist í Napólí og lagði þar stund á söng og tónlistarnám. Forstjóri San Carlo óperunnar þar í borg, heyrði til hennar, þegar hún var enn nemi, og hreifst svo mjög, að hann réði hana strax að óperuhúsi sínu og þar kom hún fram í fyrsta sinn árið 1925 í hlutverki Amnerisar í óperunni *Aida* eftir Verdi. Svo vel gekk henni í Napólí, að Arturu Toscanini réð hana að La Scala óperunni í Mílanó. Undir hans stjórn söng hún hlutverk Eboli í óperunni *Don Carlos* eftir Verdi og varð fremsta kontraaltsöngkona La Scala óperunnar allt til ársins 1953. Árið 1927 söng hún fyrst sem gestur við Teatro

Colón í Buenos Aires og varð vinsæl í Suður-Ameríku. Árið 1938 söng hún við frábærar undirtökur hlutverk Amnerisar á Covent Garden í London og sama ár söng hún við óperuna í San Fransisco, einnig við frábærar undirtökur. Árið 1940 söng hún hið erfiða hlutverk Asarace í óperunni *Semiramide* eftir Rossini við Maggio Musicale hátíðina í Flórens á Ítalíu. Ferill Ebe Stignani var að sumu leyti mjög óvenjulegur. Hún söng við miklar vinsældir í Evrópu og Suður-Ameríku en átti sér mjög takmarkaðan feril í Bandaríkjunum af alheimssöngkonu að vera. Hún var til dæmis aldrei ráðin að Metropolitan óperunni í New York, þó að hún hefði átt það margfaldlega skilið. Eftir síðari heimsstyrjöldina söng hún samt nokkra tónleika í New York við góðar undirtektir. Í blaðaviðtali þá, gaf Ebe Stignani sjálf þá skýringu, að hún væri fyrst og fremst rödd, sem væri á heimsmeiliskvarða, en að öðru leyti væri hún alls óáhugaverð kona, nema fyrir sína nánustu og sjálfa sig. Hún gæti ekki boðið upp á glæsilegt útlit en sérstaka persónuleika og í raun væri hún alls ekki á réttum stað á leiksviðinu, ef þessi frábæra rödd kæmi ekki til.

Röddin sjálf naut sín vel á hljómplötum og ef til vill muna flestir eftir Ebe Stignani fyrir það að hafa sungið hlutverk Adalgisu í óperunni *Norma* eftir Bellini, þegar Maria Callas sló í gegn í hlutverki Normu í Covent Garden óperunni í London. Þótt Ebe Stignani væri farin að reskjast, þótti hún ekki gefa Callas eftir.

Karin Branzell (1891–1974) var önnur af tveim sænskum kontraaltsöngkonum, sem vöktu heimsathygli, þótt nöfn þeirra séu farin að gleymast nú. Karin Branzell var sú sem var fyrr á ferðinni og var sérlega dád fyrir óvenju fagaða og fagra rödd. Hún byrjaði feril sinn sem organisti í Stokkhólmi, þar sem hún var fædd, en lagði síðan stund á söngnám í



Ebe Stignani sem Santuzza í óperu Mascagnis, *Cavalleria rusticana*.



Karin Branzell í hlutverki Amneris í *Aidu* eftir Verdi.

fæðingarborg sinni, Berlín og loks í New York. Hún kom fyrst fram í Stokkhólmi árið 1912 og söng við Stokkhólmsóperuna til ársins 1918. Þá réði hún sig að Ríkisóperunni í Berlín og var einn af máttarstóplum hennar til ársins 1933. En árið 1924 kom hún fyrst fram á Metropolitan óperunni í New York, en söng sína seinustu sýningu þar árið 1944. Hún kom fram á Wagnerhátíðinni í Bayreuth 1930–31 og söng við flest meiri háttar óperuhús í Evrópu, Banda-

KOSTIR OG GALLAR RAFMAGNSHLJÓÐRITANA

Nokkrar eftirminnilegar kontraalt- og mezzosópran söngkonur frá 1925-1939

HALLDÓR HANSEN

Sigríð Onegin (1889-1943) var á sínum tíma ein af þekktustu kontraaltsöngkonum heims. Hún var einstök á sínu sviði og ólík flestum öðrum kontraalt söngkonum að því leyti til, að röddin var alveg óvenjulega litrík. Grunnlit raddarinnar var oft líkt við portvín, en í gegn skinu ljósir og dökkir litir allt eftir því, hvað átti við viðfangsefnið, sem hún var að fást við. Hún var auk þess ein af fáum kontraalt söngkonum síns tíma sem hafði fullt vald á flúrsöng og lét það jafnvel og að syngja þyngstu hlutverk í Verdi og Wagneróperum.



Sigríð Onegin í óperu Strauss, *Ariadne auf Naxos*.

Faðir hennar var í utanríkisþjónustunni og því fluttist fjölskyldan von bráðar til Parísar, þar sem Sigríð Onegin ólst upp. Faðir hennar var glaðlyndur og léttlyndur maður, en móðirin skapþung og alvörugefin. Sigríð Onegin hændist mjög að föður sínum, og átti erfitt uppdráttar, þegar foreldrar hennar skildu. Hún var þá send til ættingja í Þýzka-landi. Móðir hennar var slipp og snauð og Sigríð Onegin varð strax að fara að vinna fyrir sér með öllum tiltækum ráð-

um. Henni fannst sér bera skylda til að halda tryggð við móður sína, þó að hún þráði innst inni fyrir að hverfa aftur til Frakklands og föður síns. Hún átti erfitt með að fella sig að þýzkum lífsstíl og átti auk þess í nokkrum erfiðleikum með tungumálið. – Það tók hana langan tíma að losa sig við franska hreiminn. Það fór hins vegar ekki á milli mála, að hún hafði frábæra söngrödd og með þrautseigu og mikilli vinnu tókst henni að aura saman nógu fé til að leggja stund á söngnám í hjáverkum en undir handleiðslu frábærra kennara meðal annars rússans, Eugen Onegin, tilvonandi eiginmanns síns. Sigríð Onegin kom fyrst fram í óperunni *Carmen* í Stuttgart, þar sem hún var fastráðin frá 1912-19. Þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út árið 1914, kom í ljós að Eugen Onegin var enn rúneskur ríkisborgari og Sigríð Onegin varð þar með ekki einungis eina fyrirvinna fjölskyldunnar, heldur varð hún einnig að fela eiginmann sinn fyrir yfirvöldum og tókst það af mikilli snilld. En Adam var ekki lengi í Paradís, því að Eugen Onegin lézt árið 1919, þegar allt hefði átt að vera að falla í ljúfa löð. Sigríð Onegin réði sig þá til München og söng þar við góðan orðstír, þangað til Metropolitan óperan réð hana til sín frá 1922-24. Hún söng og sem gestur í London, París, Vínarborg og víðar, en var loks ráðin til Berlínar að „Städtische Oper“ frá 1926-31.


Árið 1920 gekk Sigríð Onegin aftur í hjónaband og giftist læknum Fritz Pentzoldt. Þau fluttu til Sviss árið 1931 og þar bjó Sigríð Onegin til dauðadags. Henni er enn minnst fyrir túlkun sína á hlutverki Orfeusar í óperunni *Orfeus og Euridike* eftir Gluck á tónlistarhátíðinni í Salzburg árið 1931 sem og fyrir þátttöku sína í Wagnerhátíðinni í Bayreuth árin 1933 og 34.

Conchita Supervía (1895-1936) var spænsk að ætterni og átti ættir að rekja til gamallar velþekkrar fjölskyldu frá

Andalúsíu. Söngnám stundaði hún við tónlistarskólann í Barcelona frá 12 ára aldri. Hún hafði til að bera létt mezzosópran rödd, sem bjó yfir óvenjulegri lipurð þannig að flúrsöngur lá einkarvel fyrir henni. Ef svo bar undir, gat Conchita Supervía brugðið fyrir sig að syngja með mjög hröðu vibrato, líkt og tíðkast meðal flamenco söngvara í Andalúsíu og kom sér það einkar vel, er hún söng lög frá heimalandi sínu.

Conchita Supervía kom fyrst fram, þegar hún var vart af barnsaldri í Buenos Aires en ári seinna var hún farin að syngja á Ítalíu og kom meðal annars fram í frumflutningnum á *Rósariddarunum* eftir Richard Strauss í hlutverki Octavian í Rómaborg. Þá var verulega eftir henni tekið, en einnig gat hún sér gott orð sem Carmen og Dalila í óperu Saint Saëns *Samson og Dalila*.

En það, sem kom nafni Conchitu Supervía á blað öðru fremur, var það, að hún tók þátt í endurvakningu á gömlum óperum Rossinis á Ítalíu. Mörg hlutverk í óperum Rossinis höfðu verið skrifuð



Conchita Supervía í hlutverki Hans í óperunni Hans og Grétu eftir Humperdinck.